

Föstudaginn 28. nóvember 1986.

Nr. 297/1986 **Ákærvaldið**
 gegn
Agli Aðalgeir Þorlákssyni

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thorddsen, Bjarni K. Bjarnson og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember 1986, sem barst Hæstarétti 10. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Húsavíkur 19. þessa mánaðar kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili þá yfir að hann gerði engar kröfur í málinu.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Húsavíkur 3. þ.m. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 vegna ölvunar við bifreiðarstjórn, og jafnframt á það að hann skyldi vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, en brot ákærða var ítrekað.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 má með dómsátt ákveða ökuleyfisviptingu í eitt ár eða skemmri tíma. Ákvörðun með dómsátt um ævilanga ökuleyfisviptingu var því ólögæt. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Þingeyjarsýslu/Húsavíkur 3. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 3. nóvember er dómþing sakadóms Þingeyjarsýslu/Húsavíkur háð á skrifstofu embættisins í Húsavík af Júlíusi Guðmundssyni ftr.

Fyrir er tekið málið nr. 357 1986. Kæra á hendur Agli Aðalgeir Þorlákssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1 skjal-skrá Lögreglunnar í Húsavík. Nr. 2 Sakavottorð.

Kl. 11:40 kemur í dóminn kærði Egill Aðalgeir Þorláksson, verkamaður, Túngötu 19, Húsavík. Nafnnúmer: 1737-4958. Fæðingardagur 24.01. 1961 Fæðingarstaður: Húsavík.

Kærða er kunnert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,31‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 24.000,- í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 71. gr. alm. hgl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 5. janúar 1987 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 15 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 200,- fyrir sama tíma.

Kærða gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 3. nóvember 1986.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Mánudaginn 1. desember 1986.

Nr. 286/1986. **Hólmadrangur hf.**

gegn

Sævari Rafni Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hólmadrangur hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
